

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að vatns- og fráveitugjald miðist ekki við stærð eignar - R18110143

Á fundi borgarráðs þann 15. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins ásamt greinargerð:

Lagt er til að gerð verði breyting á hvernig vatns/ og fráveitugjald er reikna á íbúðir og önnur mannvirki sem tengd eru fráveitukerfi borgarinnar. Þetta gjald er innheimt mánaðarlega, í sama gjalddagafjölda á ári og fasteignagjöld. Í stað þess að reikna gjaldið út samkvæmt fermetrafjöld eignar skal reikna það út frá áætlaðri notkun á vatni eða frárennslislögum. Slík mæling gæti t. d. frekar miðast við fjölda skráðra heimilismanna í hverri íbúð, því notkun fer eftir fjölda notenda en ekki eftir stærð íbúðar.

Óskað var eftir umsögn fjármálastofnu þann 22. nóvember sl. um tillöguna.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Sveitarfélagi er þó heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna sbr. 6. gr. laga nr. 9/2009. Í 15. gr. sömu laga er kveðið á um að stjórn fráveitu semji gjaldskrá þar sem kveðið er nánar um greiðslu og innheimtu gjalda samkvæmt lögunum.

Þá segir í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur að sveitarfélag hafi einkarétt á rekstri vatnsveitu en sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/ eða sveitarfélags skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögunum. Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem nánar er kveðið á um greiðslu og innheimtu gjalda samkvæmt lögunum sbr. 10. gr. sömu laga.

Reykjavíkurborg hefur falið Orkuveitu Reykjavíkur skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna skv. 6. gr. laga nr. 9/2009 og rekstur vatnsveita skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2004.

Af framangreindu má ráða að það er í höndum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að semja gjaldskrá þar sem nánar er kveðið á um greiðslu og innheimtu gjalda vegna vatns- og fráveitu.

Birgir B. Sigurjónsson
fjármálastjóri